

ÁRSSKÝRSLA 2022

Efnisyfirlit

Starfsemi á höfuðborgarsvæði	10
Úttekt á starfsemi Fjölmenntar	18
Nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	22
Afmælisár - Fjölmennt 20 ára	24
Nýtt ráðuneyti og starfshópar	28
Samstarf við Fræðslumiðstöð	
atvinnulífsins og Atvinnu með stuðningi	32
Samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni	34
Ráðgjafardeild Fjölmenntar	38
Fjármál	42

Ávarp stjórnarformanns



Starfsárið 2022 fögnuðum við 20 ára afmæli Fjölmenntar. Margt var gert til að halda upp á afmælið, smátt sem stórt. Af öðru ólöstuðu ber hæst ráðstefnuna sem haldin var vorið 2022 þar sem öllum áhugasömum var boðið að taka þátt í umræðu um menntunartækifæri fatlaðs fólks með áherslu á fólk með þroskahömlun. Nemendur Fjölmenntar fjölmenntu á ráðstefnuna og fengu tækifæri til að ræða og móta sínar eigin óskir um menntun út frá aðstæðum hvers og eins. Hin mikla þátttaka var sérstaklega ánægjuleg og vakti athygli og var ráðstefnunni gerð góð skil í fjölmiðlum. Í kjölfar ráðstefnunnar er það mat okkar að skilningur ráðamanna og forsvarsmanna menntastofnana hafi aukist á gildi menntunar fyrir fólk með þroskahömlun og aukin tækifæri skapast. Það er von okkar að

áhrif ráðstefnunnar vari áfram og fleiri möguleikar opnast fyrir nemendahóp Fjölmenntar. Þá er það von okkar að ráðstefnuhald með þessum hætti verði fastur liður í starfsemi Fjölmenntar í framtíðinni.

Á árinu var gerð opinber niðurstaða úttektar sem menntamálayfirvöld létu gera á starfsemi Fjölmenntar. Var úttektin hluti af undirbúningi við endurmat á þjónustusamningi ríkisins við Fjölmennt. Almennt kom fram ánægja með starfsemi Fjölmenntar en lagðar til nokkrar breytingar, einkum með tilliti til frekari inngildingar tengt menntunartækifærum fólks með þroskahömlun. Úttektinni fögnum við og hefur hún þegar leitt til ákveðinna breytinga á starfsemi Fjölmenntar. Það er von okkar að það fari að stytta í að farið verði í efnislega endurskoðun á þjónustusamningi Fjölmenntar við ríkið en slíkt er löngu tímabært. Slík endurskoðun myndi þá væntanlega einnig fela í sér fjárhagslega endurskoðun á starfsemi Fjölmenntar. Með hverju árinu sem líður verður starfsemin fyrir fjárhagslegum raun niðurskurði sem hamlar þróun starfseminnar á sama tíma og ákall um aukin menntunartækifæri verður hærra. Það er von okkar að framtíðin beri í skauti sínu öflugri starfsemi Fjölmenntar og fjölbreyttari tækifæri til menntunar fyrir fólk með þroskahömlun.

Starfsemi Fjölmenntar er nú komin í eðlilegt horf eftir erfiðan tíma heimsfaraldurs. Nemendum og starfsfólki Fjölmenntar þökkum við farsælt samstarf og hlökkum til næsta starfsárs.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður Aagot Árnadóttir formaður

Inngangur

Í ársskýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar árið 2022.

Skýrslan er í nokkrum köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar á starfsemi Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um breytingar sem gerðar voru á námi fyrir fólk með geðrænar áskoranir í kjölfar úttektar. Fjórði kafli fjallar um hvað gert var til að fagna 20 ára afmæli Fjölmenntar. Í fimmta kafla er fjallað um breytingar á ráðuneyti og starfshópa á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Sjötti kafli fjallar um samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Atvinnu með stuðningi. Í sjöunda kafla er sagt frá samstarfi við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni og áttundi fjallar um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Síðast kaflinn fjallar um fjármál og þróun framlaga til Fjölmenntar frá stofnun.

Stjórn Fjölmenntar



Gerður Aagot Árnadóttir
Formaður
Skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp



Kristján Sigurmundsson
Varaformaður
Skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands



Hróbjartur Árnason
Ritari
Skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands



Sveinbjörn Benedikt Eggertsson
Meðstjórnandi
Skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp



Bjargey Una Hinriksdóttir
Meðstjórnandi
Skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands

Varamenn

Aileen Soffía Svendsdóttir
Skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp

Sigmundur Stefánsson
Skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp

Guðrún Barbara Tryggvadóttir
Skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands

Hrönn Stefánsdóttir
Skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands

Stjórnarfundir á árinu 2022 voru 7 talsins. Ársfundur var haldinn 11. maí.

Menntun



NÁM ER FYRIR OKKUR ÖLL

Valdefling



ÖLL EIGUM VIÐ RÉTT Á
AÐ RÁÐA EIGIN LÍFI

Samstarf



GOTT SAMSTARF BYGGIST
Á VIRÐINGU

Sveigjanleiki



SVEIGJANLEIKI OG AÐLÖGUN
ER LYKILLINN AÐ ÁRANGRI

Um Fjölmennt

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð er sjálfseignastofnun og eigendur hennar eru Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þessi félög tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi er frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hlutverk Fjölmenntar er að sinna símenntun fatlaðs fólks, 20 ára og eldra sem þarfnast sérstaks stuðnings í námi. Er þar einkum litið til fólks með þroskahömlun, fólks á einhverfurófi og fólks með geðrænar áskoranir. Fjölmennt starfar samkvæmt þjónustusamningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og fjárveitingar til starfseminnar eru ákvarðaðar af Alþingi á fjárlögum. Fjölmennt hefur aðsetur í Vínlandsleið 14 í Reykjavík þar sem kennslan fer að mestu fram. Fjölmennt sinnir ráðgjöf um allt land varðandi menntun fyrir fullorðið fatlað fólk. Þá eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar um símenntun fatlaðs fólks á landsbyggðinni.


1

Starfsemi á höfuðborgarsvæði

Hjá Fjölmennt starfa 22 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Auk þess eru ráðnir verktakar, bæði til kennslu og sem aðstoðarfólk og fer fjöldi þeirra eftir aðsókn á námskeið og fjárhagsstöðu hverju sinni.

Skipting starfa árið 2022

Starfsfólk vorið 2022 - skipting starfa



Kennsla

15 kennarar
10,64 stöðugildi

Ráðgjöf

1 ráðgjafi
0,5 stöðugildi

Skrifstofustörf

4 starfsmenn
3,3 stöðugildi

Móttaka/aðstoð

2 starfsmenn
2 stöðugildi


Ýmis verkefni

7 starfsmenn
1,6 stöðugildi

Samtals

18,04 stöðugildi

Starfsfólk haustið 2022 - skipting starfa



Kennsla

14 kennarar
10 stöðugildi

Ráðgjöf

2 ráðgjafi
1 stöðugildi

Skrifstofustörf

4 starfsmenn
3,3 stöðugildi

Móttaka/aðstoð

2 starfsmenn
2 stöðugildi

Ýmis verkefni

5 starfsmenn
1,25 stöðugildi

Samtals

17,55 stöðugildi

Einn starfsmaður í 50% starfi var í veikindaleyfi allt árið og er ekki talinn með í tölunum.

Námskeiðsflokkar

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og skiptist í eftirfarandi námskeiðsflokka



Heimilisfræði



Myndlist og handverk



Mál og samfélag



Sjálfstyrking/valdefling



Íþróttir, sund og dans



Tónlist og leiklist



Snjalltæki og miðlun



Ökunám

Árinu er skipt í fjögur námskeiðstímabil: Námskeið á vorönn, sumarnámskeið, námskeið á haustönn og jólanámskeið. Annarnámskeiðin eru mislöng, frá því að vera 2-3 vikur í að ná yfir alla önnina. Sumar- og jólanámskeið eru yfirleitt 1-2 skipti.

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á námskeið í fjarkennslu. Þau námskeið hafa ekki verið mikið sótt enda tiltölulega ný þjónusta hjá Fjölmennt. Gert ráð fyrir að þessi námskeið aukist í framtíðinni.

Á haustönn var haldin Matar- og framreiðslubraut í samvinnu við Atvinnu með stuðningi. Námið sem er samtals 182 kennslustundir fór að mestu fram í húsnaði Fjölmenntar en þátttakendur fóru einnig í starfsnám í mötuneyti Áss styrktarfélags.



Frá útskrift af matvælabrautinni

Skipting starfsársins eftir tímabilum

Báðar annir ársins hefjast með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst er unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem varða starfsemina í heild.

Vorönn

Námskeiðstímabil: 11. janúar til 10. maí

Námskeiðsdagar: 78

Fjöldi námskeiða: 177

Kennslustundir samtals: 3.430

Þátttakendur: 387

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 18. maí til 30. maí

Námskeiðsdagar: 7

Fjöldi námskeiða: 64

Kennslustundir samtals: 142

Þátttakendur: 159

Haustönn

Námskeiðstímabil: 23. ágúst til 5. desember

Námskeiðsdagar: 72

Fjöldi námskeiða: 179

Kennslustundir samtals: 3.173

Þátttakendur: 410

Jólanámskeið

Námskeiðstímabil: 8. desember til 19. desember

Námskeiðsdagar: 8

Fjöldi námskeiða: 68

Kennslustundir samtals: 146

Þátttakendur: 136

Samstarf við aðrar menntastofnanir



Myndlistaskólinn í Kópavogi
Myndlistanámskeið á vor- og haustönn.



Ljósheimar jógastöð
Jóganámskeið á vor- og haustönn.



Dansskólinn Hvönn
Námskeið á vorönn. Á haustönn var ákveðið að dansskólinn sæi sjálfur um alla umsýslu og námskeiðin yrðu alfarið á þeirra vegum. Fjölmennt sér áfram um að auglýsa námskeiðin.



Ökuskólinn í Mjódd
Námskeiðið Fræðilegur hluti ökunáms hefur í mörg ár verið haldið í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd. Anna Filippía Sigurðardóttir kennari hjá Fjölmennt sér um kennsluna í húsnæði ökuskólans.



HAF jóga
Námskeið á vor- og haustönn.



Múltíkúltí málaskóli
Námskeið í ensku og spænsku á vor- og haustönn.



Námskeiðin eru flest haldin í húsnæði Fjölmenntar að Vínlandsleið 14. Kennslustaðir árið 2022 voru einnig á eftirfarandi stöðum:

Dalslaug

Dansskólinn Hvönn

Hringsjá

Íþróttahús fatlaðra, Hátúni 14

Keilusalurinn í Egilshöll

Ljósheimar jógastöð

Mímir

Myndlistaskólinn í Kópavogi

Múltí kúltí málaskóli

Sjálandslaug

Sundhöll Reykjavíkur

Sundlaug Háaleitisbraut

Sundlaug í Fjölbrautarskólanum í Ármúla

Styrkur sjúkraþjálfun

Yogasmiðjan

World Class Egilshöll

Ökuskólinn í Mjódd

Endurmenntun starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Lögð er áhersla á að fylgjast með nýjungum í kennsluháttum og bjóða reglulega upp á fræðslu. Fræðslunefnd Fjölmenntar kannar og skipuleggur fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Kennarar sem stunda háskólanám samhliða starfi er sýndur sveigjanleiki með því að þeir fá leyfi á launum til að sækja námslotur.

Árið 2021 fékk Fjölmennt fasta aðild að náms- og þjálfunarverkefnum Erasmus+ menntastyrk Evrópusambandsins. Aðildin býðir einfaldari aðgang að styrkjamöguleikum náms- og þjálfunarverkefna í Erasmus menntaáætluninni 2021-2027. Nú þegar hefur nánast allt starfsfólk Fjölmenntar farið erlendis í námsferðir og í janúar 2022 fóru þrír starfsmenn til Póllands að kynna sér kennslu með sýndarveruleikagleraugum. Öryrkjabandalag Íslands veitti styrk til kaupa á sýndarveruleikagleraugum og öðru tengt kennslunni.

Kynningarstarfsemi

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til þeirra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út Facebook síðu og Instagram reikningi. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum.

Á vorin eru kynningar fyrir útskriftarnemendur á starfsbrautum framhaldsskóla. Í flestum tilfellum fara ráðgjafar og verkefnastjóri námskeiða Fjölmenntar í skólana en færst hefur í vöxt að útskriftarnemar komi í heimsókn og fái kynningu í Fjölmennt.

Reglulega er fundað með forstöðumönnum íbúðakjarna. Þá er farið yfir atriði tengd námskeiðum og hlustað á skoðanir og hugmyndir þeirra um námskeiðahaldið og reynt að mæta óskum þeirra.

Heimasíða Fjölmenntar <https://www.fjolmennt.is>

List án landamæra

Fjölmennt er einn af stofnendum Listar án landamæra og á fulltrúa í stjórn hátíðarinnar. Þátttakendur á námskeiðum taka á hverju ári þátt í viðburðum s.s. myndlistasýningum, tónlistar- og leiklistaratriðum. Kostnaður Fjölmenntar er óverulegur og felst í greiðslu starfsfólks vegna vinnuframlags og þátttöku í dagskrá.

Áhrif heimsfaraldurs á starfsemina

Á vorönn 2022 hafði Covid heimsfaraldurinn mikil áhrif á starfsemina. Eftir að grímuskylda og samkomutakmarkanir voru lagðar af í byrjun árs var mikið um veikindi starfsfólks. Vegna þess var erfitt að manna forföll og þurfti því oft að fella niður námskeið. Þátttakendum voru endurgreiddir þeir tímar sem féllu niður. Heimsfaraldurinn, sem hafði staðið í tvö ár, hefur aldrei haft jafn mikil áhrif á starfsemi Fjölmenntar og á þessari önn. Þátttakendur námskeiða tóku afboðunum á námskeið af skilningi enda mikið um Covid veikindi á þessum tíma.

Þegar litið er til baka yfir þessi óvenjulegu ár heimsfaraldurs kemur vel í ljós sá mannauður sem Fjölmennt á í starfsfólki sínu. Allir lögðust á eitt um að halda starfseminni gangandi, oft við krefjandi aðstæður.

2

Úttekt á starfsemi Fjölmenntar

Á árinu var gerð úttekt á starfsemi Fjölmenntar. Hún var gerð að ósk Menntamálaráðuneytisins og unnin af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Úttektin er liður í endurnýjun á samningi Fjölmenntar við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og endurskoðun á hlutverki og verkefnum Fjölmenntar. Úttektin var framkvæmd með spurningalistum, rýnihóp og viðtölum.

Markmið úttektarinnar var eftirfarandi

Að greina þá þjónustu sem í boði er, hvernig hún kemur til móts við eftirspurn og þarfir umsækjanda og hvernig hún nýtist

Að skoða stjórnsýslu Fjölmenntar út frá lögum

Að meta hvernig fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytisins er nýtt og hvernig dreifingu fjármagns til annarra aðila er háttað.

Í niðurstöðum eru teknir saman styrkleikar og veikleikar í starfseminni. Einnig er komið með tillögur að úrbótum.

Styrkleikar

Mikill meirihluti þátttakenda í námskeiðum er ánægður með þjónustu Fjölmenntar.

Mikill meirihluti þátttakenda í námskeiðum er ánægður með kennara Fjölmenntar.

Kennsluskrá Fjölmenntar er fjölbreytt með námskeiðum í tengslum við sjálfstætt líf, heilsu og lífsleikni, tómstundanámskeið og námskeið sem teljast vera undirbúningur undir frekara nám eða atvinnuþátttöku.

Skapar fólki með þroskahömlun og einhverfu vettvang fyrir félagsleg samskipti í vel metnum hlutverkum.

Ráðgjafaþjónusta Fjölmenntar hefur haft frumkvæði að kynningu á möguleikum í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi.

Fjölmennt hefur sinnt markvissu sjálfsmati m.a. með spurningakönnun meðal þátttakenda í námskeiðum.

Fjölmennt hefur haldið námskeið í samvinnu við aðrar símenntunarstöðvar fyrir sinn markhóp.

Veikleikar

Námskeið Fjölmenntar eru takmarkaður undirbúningur undir frekara nám.

Fjölmennt hefur takmörkuð tengsl við vinnumarkaðinn.

Í kennsluskrá Fjölmenntar eru námskeið sem breytast lítið milli anna og frá ári til árs.

Námskeið og námsbrautir Fjölmenntar hafa ekki verið vottaðar sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Aðgreind námskeið Fjölmenntar viðhalda jaðarsetningu fólks með þroskahömlun og einhverfu í íslensku samfélagi.

Fjölmennt býður ekki upp markvissa náms- og starfsráðgjöf.

Geðræktarnámskeið Fjölmenntar virðast ekki uppfylla væntingar og þarfir markhópsins.

Tillögur að úrbótum

Tryggja þarf að val á framhaldsfræðslu byggji á raunverulegum valkostum innan sem utan Fjölmenntar.

Fjölmennt, í samráði við markhóp sinn, þarf að skilgreina betur tilgang miðstöðvarinnar og þá þjónustu sem hún veitir.

Starfsfólk Fjölmenntar þarf að skoða kennsluskrá sína á gagnrýninn hátt og meta hvort námskeið símenntunarstöðvarinnar skarist við verkefni annarra aðila eins og til dæmis íþróttafélaga.

Niðurstöður úttektarinnar sýna nauðsyn vitundarvakningar um réttindi fatlaðs fólks til framhaldsfræðslu án aðgreiningar og atvinnuþátttöku. Slíkt þarf að skipuleggja í samráði við fatlað fólk.

Það þarf að endurskoða stjórn Fjölmenntar með tilliti til markhóps og markmiða miðstöðvarinnar.

Það þarf að styrkja tengsl Fjölmenntar við vinnumarkað í þeim tilgangi að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Það þarf að bjóða upp á námskeið og námsbrautir sem hafa verið vottaðar sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 í þeim tilgangi að tryggja að nám þátttakenda verði metið að verðleikum.

Það þarf að vinna með stéttarfélögum að því að viðurkenna námskeið Fjölmenntar sem framhaldsfræðslu þannig að þátttakendur geti fengið námskeið metin til launa.

Lagt er til að skipaður verði vinnuhópur sem ætlað er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og framhaldsfræðslu fatlaðs fólks. Tryggja þarf þátttöku fatlaðs fólks í slíkum vinnuhópi.

Fjölmennt þarf að auka náms- og starfsráðgjöf við fólk með þroskahömlun og einhverfu.

Bæta þarf ákvæði við framhaldsfræðslulögin um nemendur með sérþarfir til að tryggja þeim nám við hæfi án aðgreiningar.

Fjölmennt þarf að endurskoða á gagnrýninn hátt aðkomu sína að öðrum verkefnum sem ekki teljast vera framhaldsfræðsla.

Endurskoða þarf þjónustusamning þar sem hlutverk Fjölmenntar er skilgreint og markhópur miðstöðvarinnar sömuleiðis.

Gæta þarf að orðalag og hugmyndafræði í þjónustusamningi Fjölmenntar samræmist lögum og alþjóðasamningum.

Endurskoða þarf aðkomu Fjölmenntar að úthlutun fjármagns. Fræðslusjóði ber að úthluta fjármagni skv. lögum.

Semja þarf sanngjarnar úthlutunarreglur á fjármagni til símenntunarstöðva sem halda sérstök námskeið fyrir þennan markhóp.

Tryggja þarf fjármagn til framhaldsfræðslu á landsbyggðinni en athugasemd er gerð við núverandi viðauka við þjónustusamning.

Endurskoða þarf Fjölmennt – geðrækt í samráði við markhópinn sem er fólk sem er að takast á við geðrænar áskoranir.

Endurskoða þarf þá upphæð sem veitt er til framhaldsfræðslu fatlaðs fólks.

Tryggja þarf áframhaldandi starf ráðgjafardeildar Fjölmenntar sem forsendu þess að hægt verði að stuðla að framhaldsfræðslu fatlaðs fólks til jafns við aðra og án aðgreiningar.

Endurskoða þarf staðsetningu í námskeiðum sem ekki eru í mannvirkjum sem eru opin almenningi.

Stjórn og starfsfólk Fjölmenntar hefur rýnt í niðurstöðurnar. Starfsfólk má vel við una þar sem allt sem lítur að kennslu og samskiptum við þátttakendur kemur vel út. Námskeiðin þykja fjölbreytt og það að stunda nám í Fjölmennt er einnig vettvangur fyrir félagsleg samskipti. Margt af því sem nefnt er sem veikleikar í starfseminni er ekki á færi Fjölmenntar að breyta og eru atriði sem lúta að stjórnslu og þar af leiðandi ákvörðun stjórnvalda. Lögð er áhersla á að í breytingaferli verði að tryggja aðkomu þeirra sem stunda nám hjá Fjölmennt.

Nú þegar hefur verið brugðist við niðurstöðum úttektarinnar með því að leggja niður sérstaka deild fyrir fólk með geðrænar áskoranir, sjá kaflann Nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Einnig er hafin vinna í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Atvinnu með stuðningi við þróun atvinnutengdra námsleiða, sjá kaflann Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Atvinnu með stuðningi.

Í úttektinni kom fram að Fjölmennt eigi ekki að bjóða upp á námskeið sem aðrir aðilar bjóða fötluðu fólk. Til að bregðast við því voru námskeiðin Sundþjálfun og Keila lögð niður á haustönn þar sem Íþróttafélagið Ösp býður upp á þessi námskeið.

3

Nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir

Eitt af því sem úttekt á starfsemi Fjölmenntar leiddi í ljós var að námið sem Fjölmennt-geðrækt bauð upp á var ekki að mæta óskum og væntingum markhópsins. Þessar niðurstöður komu ekki á óvart. Þátttakendum hafði í gegnum árin farið fækkandi, mikið sama fólk sem sótti námskeiðin og erfitt reyndist að ná til yngra fólks.

Í úttektinni tókst ekki að ná til fólksins sjálfs til að tala beint við þá sem sótt hafa námið. Til þess að sjónarmið þessa hóps kæmu fram í úttektinni var brugðið á það ráð að tala við nokkra forstöðumenn/deildarstjóra þeirra heimila þar sem þátttakendur í náminu búa. Við gerum okkur grein fyrir að það hefur ekki sama vægi og að tala við þátttakendur sjálfa en gefur ákveðnar vísbendingar um álit þessa hóps.

Anna Filippía Sigurðardóttir hefur verið verkefnastjóri Geðræktar mörg undanfarin ár og eru henni færðar bestu þakkir fyrir gott starf.

Nokkur atriði voru nefnd sérstaklega sem ástæða þess að lítil aðsókn var að námskeiðunum hjá Fjölmenn. Þau eru eftirfarandi:

Mikil breyting hefur orðið á framboði á námi fyrir fólk með geðrænar áskoranir frá því námið í Fjölmenn var sett á laggirnar árið 2003. Nefnt var að margt væri í boði fyrir markhópin svo sem Bataskólinn, Hringsjá, Hugarafi, Hlutverkasetur ásamt ýmsum dagsetrum sem bjóða upp á fjölbreytta dagskrá. Tímstundir og heilsurækt eru víða í boði og ekki þótti forgangsatríði að þau væru í boði hjá Fjölmenn.

Námskeið Fjölmennar eru ekki metin til eininga í framhaldsskólum og fólk hefur frekar áhuga á að reyna fyrir sér í almenna skólakerfinu.

Ekki mikið framboð á námskeiðum Fjölmennar fyrir þennan hóp og yfirleitt sömu námskeið í boði.

Hluti hópsins hefur áhuga á að komast á vinnumarkaðinn og líklegt að Fjölmenn myndi höfða betur til hópsins ef boðið væri upp á atvinnutengd námskeið.

Erfitt er fyrir fólk að sækja námskeið sem eru sérstaklega ætluð fólki sem skilgreint er með geðrænan vanda í símenntunarstöð sem er eingöngu með námskeið fyrir fatlað fólk.

Í ljósi þessara niðurstaðna var ákveðið að leggja niður sérstaka deild fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Þeim hópi sem sótt hefur námið reglulega er áfram velkomið að sækja námskeið sem í boði eru fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi. Nú á vorönn 2023 eru 8 manns af þeim sem sóttu Geðræktarnámskeiðin áfram á námskeiðum.

Þessar breytingar voru vel kynntar með samtölum, bréfum og á fundum með starfsfólki íbúakjarna og öðrum sem þjónusta þennan hóp.

4

Afmælisár - Fjölmennt 20 ára

Árið 2002 var Fullorðinsfræðsla fatlaðra lögð niður og símenntunarstöðin Fjölmennt stofnuð.

Í tilefni af 20 ára afmæli stofnunarinnar var eitt og annað gert til þess að halda upp á tímamótin. Þar bar hæst ráðstefna sem haldin var þann 31. mars sem bar nafnið Nám er fyrir okkur öll. Markmið ráðstefnunnar var að hlusta á óskir og væntingar fatlaðs fólks til náms eftir að formlegu námi lýkur. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna sem var bæði kraftmikil og árangursrík. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra flutti ávarp í upphafi ráðstefnu. Síðan tóku við fimm erindi þar sem fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi lýsti vonum sínum og væntingum til náms.

Lára Þorsteinsdóttir flutti erindið Ég vil breyta sögunni þar sem hún sagði frá draumum sínum um að fara í nám í sagnfræði. Karen Axelsdóttir talaði um fleiri tækifæri til menntunar. Kolbeinn Jón Magnússon, Margrét M. Norðdahl og Þórir Gunnarsson ræddu saman um mikilvægi listmenntunar og baráttuna fyrir aðgengi að menntun, en draumur þeirra Kolbeins og Þóris er að stunda nám við Listaháskóla Íslands. Anna Rósa Prastardóttir, nemandi á starfsbraut framhaldsskóla flutti erindið Framtíð fyrir fatlaða. Í erindi hennar kom fram hversu fá tækifæri fatlað fólk hefur á námi eftir að framhaldsskóla lýkur. Eftir kaffihlé var unnið í hópum þar sem öllum ráðstefnugestum gafst kostur á að koma óskum sínum á framfæri. Ef niðurstöður ráðstefnunnar eru dregnar saman má í stuttu máli segja að óskir fatlaðs fólks eru alveg þær sömu og annarra. Þau vilja eiga kost á fjölbreyttu námi. Ráðstefnan fékk töluverða fjölmiðlaumfjöllun og vakti þar að leiðandi mikla athygli. Hún hafði þannig mikið gildi í baráttu fyrir auknu námsframboði fyrir fatlað fólk.



Lára Þorsteinsdóttir



Karen Axelsdóttir




*Kolbeinn Jón
Magnússon, Margrét
M. Norðdahl og Þórir
Gunnarsson*



*Anna Rósa
Prastardóttir*

Árshátíð Fjölmenntar

Í tilefni afmælisárs var árshátíð Fjölmenntar óvenju vegleg. Hún var að venju haldin í Gullhömrum og sóttu um 250 manns hátíðina. Á boðstólum var veislumatur, Regína Ósk stjórnaði skemmtuninni og hljómsveitin Næsland lék fyrir dansi.



Vortónleikar Fjölmenntar

Vortónleikar voru haldnir í Fella og hólakirkju. Þar komu tónlistarnemendur fram og að þessu sinni lék hljómsveitin Sniglabandið undir með flytjendum.



Samfélagsmiðlar

Á samfélagsmiðlum var gert sérstakt átak til að vekja athygli á starfsemi Fjölmenntar frá stofnun. Gerðar voru fréttir um verkefni sem eiga upphaf sitt í Fjölmennt og aðrir hafa síðan tekið yfir. Má þar til dæmis nefna þættina Með okkar augum sem byrjuðu sem námskeið í Fjölmennt. Steinunn Guðný Ágústsdóttir samfélagsmiðlastjóri og Haukur Guðmundsson stjórnarmaður í Fjölmennt sáu um þessa vinnu. Sífellt fleiri fylgjast með samfélagsmiðlunum og er það því góður vettvangur til að miðla efni og fréttum.



5

Nýtt ráðuneyti og starfshópar

Ný skipan ráðuneyta Stjórnarráðsins

Með breyttri skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands um síðustu áramót fluttist starfsemi Fjölmenntar til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Ragnheiður Bóasdóttir hefur undanfarin 14 ár verið tengiliður Menntamálaráðuneytis við Fjölmennt og eru henni færðar þakkir fyrir gott samstarf. Tengiliður Fjölmenntar í Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu er Hulda Anna Arnljótsdóttir og bjóðum við hana velkomna til samstarfs.

Að hafa aðgang að fjölbreyttum námskeiðum hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks. Við bindum vonir við og sjáum tækifæri í því að framhaldsfræðsla fatlaðs fólks sé nú undir sama ráðuneyti og málefni fatlaðs fólks almennt. Að með því sé tryggt að fatlað fólk hafi áfram aðgang að fjölbreyttri menntun sem hluta af sínu daglega lífi.



Frá vinstri Hulda Arnljótsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir og Helga Gísladóttir

Endurskoðun framhaldsfræðslulaga

Starfsemi Fjölmenntar fellur undir lög um framhaldsfræðslu sem sett voru árið 2010. Vorið 2022 var stofnaður starfshópur um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu. Hlutverk hópsins er að greina stöðuna í málaflokknum og koma í kjölfarið með tillögu að stefnu og veita ráðgjöf við gerð frumvarps til nýrra laga um framhaldsfræðslu sem ráðgert var að leggja fram á haustþingi 2023.

Markhópur samkvæmt nógildandi lögnum eru einstaklingar með stutta skólagöngu að baki og gefa á þeim aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Í skipunarbréfi segir að starfshópurinn eigi að taka á þeim álitamáli sem komið hafa upp innan framhaldsfræðslukerfisins, þar með talið hvað varðar afmörkun á markhópi laganna og stöðu fatlaðs fólks innan kerfisins.

Forstöðumaður Fjölmenntar á sæti í starfshópnum. Frá upphafi nefndarstarfa hefur Guðmundur Ingi Guðbrandsson ráðherra lagt áherslu á inngildandi nám fyrir alla. Í starfshópnum eiga sæti aðilar frá ýmsum hópum fólks sem lítið hafa sótt nám í framhaldsfræðslukerfinu svo sem fólk með geðrænar áskoranir og innflytjendur. Markhópur Fjölmenntar, fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi, hefur hingað til ekki haft aðgang að Fræðslusjóði sem fjármagnar framhaldsfræðsluna og þar af leiðandi ekki getað sótt fjármagn til að halda úti fjölbreyttum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). Lög um framhaldsfræðslu eru tengd atvinnulífinu og námsleiðir FA eiga að auka möguleika fólks á vinnumarkaði. Það skiptir miklu máli að fatlað fólk fái aðgang að námsleiðunum sem myndu stórauka möguleika til atvinnutengds náms. Aðgangur fatlaðs fólks til jafns við aðra sem falla undir lögin er því stórt réttlætismál sem vonandi fær brautargengi í nýjum lögum.

Stór hluti þess náms sem í boði er hjá Fjölmennt er ekki tengdur atvinnulífi og fellur því ekki undir hefðbundna skilgreiningu á framhaldsfræðslu. Þetta er engu að síður nám sem eykur valdeflingu og lífsgæði og bjóðast ekki fötluðu fólki annarsstaðar. Í daglegu tali eru þessi námskeið gjarnan kölluð tólmstundanámskeið, svo sem fjölbreytt listnámskeið, heimilisfræði og heilsurækt. Við endurskoðun laganna verður að tryggja að fötluðu fólki bjóðist áfram öflug námskeið af þessu tagi.

Nú er ljóst að vinna starfshópsins er það skammt á veg komin að ekki næst að leggja fram nýtt frumvarp fyrir haustþingi 2023.

Aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk

Haustið 2022 var skipaður starfshópur til að vinna að auknum náms- og starfstækifærum fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar á sæti í starfshópnum ásamt fulltrúum frá ýmsum hagaðilum.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

Að kortleggja aðgengi fullorðins fatlaðs fólks að námi, þjálfun og stuðningsúrræðum innan skóla og stofnana, hjá fræðsluaðilum og í atvinnulífi.

Að útbúa yfirlit yfir fjölbreytileika námstilboða og hvort og hvernig auka megi stíganda og samfellu í námi.

Að taka saman upplýsingar um fjármögnun náms- og stuðningsúrræða fyrir fatlað fólk og meta hvort fá megi betri yfirsýn yfir greiðslupátttöku eða kostnaðarfyrirkomulag.

Að koma með tillögur að þróun náms- og stuðningsúrræða fyrir fatlað fólk, meðal annars út frá stafrænum lausnum, nýrri þekkingu eða aðferðum sem auðvelda framkvæmd náms án aðgreiningar.

Meðfram sameiginlegri vinnu starfshópsins er unnið í þremur smærri hópum: einn hópur skoðar nám á framhaldsskólastigi, annar aðgengi að háskólanámi og þriðji hvernig auka megi aðgengi fatlaðs fólks að framhaldsfræðslu og menntun á vinnumarkaði.

Vinnunni miðar vel og stefnt er að því að henni ljúki í maí 2023 þegar gefin verður út skýrsla með tillögum starfshópsins.



Starfshópur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk

6

**Samstarf við Fræðslumiðstöð
atvinnulífsins og Atvinnu með stuðningi**

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um skort á atvinnutengdu námi fyrir fatlað fólk. Á árinu fékkst styrkur úr Þróunarsjóði Framhaldsfræðslu til að hæfnigreina þrjú störf sem unnin eru á almennum vinnumarkaði. Hæfnigreining starfa felst í að kortleggja og skilgreina þá hæfni sem mikilvægt er að starfsmaður búi yfir til að árangur náist í starfi og byggir aðferðafræðin á þátttöku þeirra sem gegna störfunum. Unnið er með hæfnipætti sem skilgreina á hlutlægan hátt þá persónulegu og faglegu hæfni sem máli skiptir á vinnumarkaði. Þessi vinna er unnin í samvinnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Fjölmenntar og Atvinnu með stuðningi. Niðurstöður úr hæfnigreiningunum verða nýttar við gerð námsleiðar, raunfærnimats og aðlögun að námi sem þegar er til hjá FA. Það er góður áfangi að fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi bjóðist aðgangur að námsleiðum FA og að hafin sé vinna við aðlögun efnisins.

Lokið var við hæfnigreiningu starfs á hjúkrunarheimili og nú á vorönn 2023 er hafin vinna við hæfnigreiningu starfs á lager.

Á árinu var í samstarfi við FA unnið að því að setja námsleiðina Smiðja á hæfniprep 1. Að þeirri vinnu lokinni fékkst vottun frá Menntamálastofnun. Slík vottun er forsenda þess að hægt sé að sækja um fjármagn til Fræðslusjóðs til þess að halda námsleiðina. Ekki er búið að ganga formlega frá því að Fjölmennt hafi aðgang að sjóðnum.



Hildur Betty Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Helga Gísladóttir forstöðumaður Fjölmenntar skrifa undir samstarfssamning

7

Samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni

Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni er 9 talsins. Með framlagi frá Fjölmennt bjóða þær upp á nám fyrir fatlað fólk hver á sínu svæði. Samningar eru gerðir tvisvar á ári og eftir hverja önn skila þær skýrslu um nýtingu fjármagnsins ásamt upplýsingum um námskeiðin sem haldin hafa verið.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 hafði áhrif á starfsemi símenntunarstöðvanna líkt og samfélagið í heild.



Austurbrú á Egilsstöðum

Haldin voru námskeið á Egilsstöðum, Neskaupsstað og Djúpavogi.

Námskeið sem haldin voru: útivist, sund, crossfit, skyndihjálp, smíði, snjalltækjanámskeið

Fjöldi námskeiða:10

Kennslustundir samtals: 111

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 25

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Haldin voru námskeið á Ísafirði

Námskeið sem haldin voru: Hreyfing og heilsa, matreiðsla og heimilisstörf, listasmiðja, útivist og hreyfing, kertagerð, söngur og tónlist, páskaföndur, jólalögin og jólaföndur.

Einn nemandi stundaði nám á almennri námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með stuðningi frá Fræðslumiðstöðinni.

Fjöldi námskeiða: 16

Kennslustundir samtals: 122

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 74



Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi

Haldin voru námskeið á Selfossi og Höfn

Námskeið sem haldin voru: Eldfjöll Íslands, Hollari kostur í eldhúsinu, Hollur og góður heimilismatur, Ipad námskeið, Íslenskir fuglar, Léttar líkamsæfingar og Jóga Nidra, Mósaík, Myndlist, Myndir og myndvinnsla, Samlestur skáldsögu, Skynjun, virkni og vellíðan, Stuðningur við nám, Textílhönnun, Tjáning, skynjun og hreyfing með tónlist, Yoga.

Fjöldi námskeiða: 34

Kennslustundir samtals: 614

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 113



Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Haldin voru námskeið á Sauðárkróki og Blönduósi

Námskeið sem haldin voru: sund og matreiðsla

Fjöldi námskeiða: 4

Kennslustundir samtals: 103

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 15

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námskeið voru haldin í Reykjanesbæ

Námskeið sem haldin voru: Listasmiðja, Sönghópurinn Gimsteinar, Matreiðsla, Rafíþróttanámskeið, Reiðnámskeið, Líkamsrækt, Hugur og heilsa

Fjöldi námskeiða: 10

Kennslustundir samtals: 256

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 68



Símenntunarstöð Eyjafjarðar

Námskeið voru haldin á Akureyri.

Námskeið sem haldin voru: Hollur og góður heimilismatur, Hagnýtt heimilishald, Jóga, Sund og vellíðan, Vellíðan í vatni, Spjaldtölva, Myndlist, Tónlist, Leiklist.

Kennd var námsleiðin Stökkpallur í samstarfi við Atvinnu með stuðningi. Þátttakendur á námskeiðinu fóru í gegnum raunfærnimat í almennri starfshæfni. Einnig tóku 5 manns þátt í Námsleiðinni Help-start enskunámi í almennu námi.

Fjöldi námskeiða: 58

Kennslustundir samtals: 1.128

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 135





Símenntun á Vesturlandi

Námskeið voru haldin á Akranesi, Borgarnesi, Fellsenda í Dalabyggð, Stykkishólmi og Ólafsvík.

Námskeið sem haldin voru: Kvikmyndagerð, Tónlist og tal, Tónlist og sköpun, Handverk, Sund, Tölvufærni og Eldum og bókum.

Fjöldi námskeiða: 21

Kennslustundir samtals: 228

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 96

Viska Vestmannaeyjum

Námskeið sem haldin voru:

Fjöldi námskeiða: 3

Kennslustundir samtals: 26

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 15



Bekkingarnet Þingeyinga

Námskeið voru haldin á Húsavík.

Námskeið sem haldin voru: Skyndihjálp, Ljósmyndanámskeið, Tölvunámskeið, Konfektnámskeið

Samstarf var við Tónlistarskóla Húsavíkur um tónlistarnám fyrir 16 nemendur. Námið var tilraunaverkefni að erlendra fyrirmynd.

Fjöldi námskeiða: 5

Kennslustundir samtals: 164

Þátttakendur samtals á námskeiðum: 45



8

Ráðgjafardeild Fjölmenntar

Ráðgjafardeildin hafði 0,80 stöðugildi á vorönn og 1 stöðugildi á haustönn. Ráðgjafar eru:

Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli

Helle Kristensen, verkefnastjóri vegna innleiðingar snjalltækja í 30% starfshlutfalli á vorönn og kennsluráðgjafi í 50% starfshlutfalli á haustönn

Fastir liðir ráðgjafarstarfsins héldust í nokkuð föstum skorðum á árinu og eru þeir eftirfarandi: Móttaka nýrra þátttakenda og fundir með kennurum vegna þeirra, ráðgjöf við starfsfólk Fjölmenntar eftir þörfum, tengsl við símenntunarstöðvar með tölvupóstum og símtölum, ráðgjöf vegna náms við aðrar menntastofnanir, kynningar fyrir útskriftarnemendur á sérnámsbrautum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, útgáfa fréttabréfs og miðlun fræðsluefnis á heimasíðu Fjölmenntar.

Móttaka nýrra þátttakenda og ráðgjöf við starfsfólk Fjölmenntar



Vinnulag vegna móttöku nýrra þátttakenda og þeirra sem fá nýjan kennara hefur verið með óbreyttu sniði á árinu: Ráðgjafar hafa samband við alla nýja umsækjendur áður eða á meðan inntökufæri stendur yfir. Síðan eru haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt stuðningsaðilum þeirra. Fundirnir eru ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar að vali þátttakenda. Í sumum tilvikum eiga þátttakendur erfitt með að vera á fundum og er þá fundur haldinn með stuðningsaðilum þeirra og boðið upp á heimsókn fyrir þátttakendur með aðstoðarfólki. Það er afar mikilvægt fyrir mörg þeirra að hafa komið í húsnæðið og hitt kennara áður en námskeið hefst til að auðvelda þeim að hefja námið.

Stór hluti ráðgjafarinnar yfir önnina fer fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Einnig eru báðir ráðgjafar í fræðslunefnd og koma þannig að skipulagningu fræðsludagskrár fyrir starfsfólk Fjölmenntar.

Tengsl við símenntunarstöðvar



Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf.

Það er mat ráðgjafa að koma þurfi á betri ramma utan um samstarfið við símenntunarstöðvarnar. Samstarfið á árinu fólst nærri eingöngu í símtölum við verkefnastjóra í upphafi hverrar annar þar sem óformlegt samtal átti sér stað um stöðuna og vakin var athygli á fréttabréfum ráðgjafardeildar og fræðsluefni á heimasíðu Fjölmenntar. Það vantar leið til að miðla betur reynslu af kennslu þátttakenda sem þurfa meiri stuðning og tryggja að sá hópur njóti menntunar. Það vantar að styrkja betur tengslin til þess að tryggja að verkefnastjórar og leiðbeinendur nýti sér ráðgjöf frá Fjölmennt þegar þörf er á.

Fréttabréf ráðgjafardeildar og miðlun fræðsluefnis á heimasíðu



Fréttabréf ráðgjafardeildar var áfram gefið út tvisvar á önn á árinu og voru kaflarnir áfram þrír: Fræðslumoli mánaðarins þar sem lögð er áhersla á að kynna aðferðir í kennslu sem gefið hafa góða raun á námskeiðum í Fjölmennt og sem nýst geta í námi fatlaðs fólks annars staðar sem og í daglegu lífi. Fræðslumolarnir eru yfirleitt tengdir við dæmi úr kennslustundum og leyfi fengið til að segja frá reynslu þátttakenda og birta myndir.

Annar kafli í fréttabréfinu er „Nýtt á heimasíðu Fjölmenntar“ þar sem kynnt er nýtt efni sem vistað hefur verið á heimasíðuna, ýmist fræðsluefni frá ráðgjöfum eða námsgögn frá kennurum á einstökum námskeiðum. Með þessu er ætlunin að vekja athygli á að það efni sem er á heimasíðunni er öllum til frjálstra afnota.

Þriðji kafli fréttabréfsins er yfirlit yfir þá þjónustu sem ráðgjafar bjóða upp á. Þar eru einnig hnappar til að sækja um ráðgjöf eða fræðslu.

Öll fréttabréf ársins eru vistað á heimasíðu Fjölmenntar og hægt að nálgast þau þar.

Kynningar og ráðgjöf

Kynningar fyrir nemendur sem eru að útskrifast af sérnámsbrautum framhaldsskóla. Boðið er upp á að komið sé í heimsókn í Fjölmennt en einnig fara ráðgjafar með kynningar í skólana sé þess óskað.

Kynningar af ýmsu tagi svo sem fyrir starfsfólk í þjónustu við fatlað fólk og erlenda gesti sem eru að kynna sér starfsemina.

Fræðsla á heimili þátttakanda á námskeiðum ef það tengist náminu.

Ráðgjöf við nokkra einstaklinga og starfsfólk vegna náms í almennum skólum.

Þátttaka í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um auðlesið efni og námslýsingar á námsleið í Smiðju.

Námskeið um fjölbreyttar tjáskiptaleiðir á vegum skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Námskeiðið var undirbúið á vorönn og síðan voru haldin fjögur námskeið á haustönn.

Skipulagning og utanumhald námskeiða verktaka

Ýmis tilfallandi störf tengd starfsemi Fjölmenntar s.s. vinna við undirbúning ráðstefnu, vinna í tengslum við verkefni um notendaráð og skipulagning og utanumhald námskeiða verktaka.

9

Fjármál


Árið 2022 var framlag til Fjölmenntar samkvæmt samningi við Félags- og Vinnumarkaðsráðuneytið 284,1 milljón. Það er hækkun um rúmar 13 milljónir frá fyrra ári. Á árinu voru námskeiðsgjöld 13,114,584 milljónir og aðrar tekjur voru 13,608,378 milljónir. Samtals gera þetta tæpar 311 milljónir.

Aðrar tekjur eru tilkomnar vegna framlaga til verkefna sem fluttust frá fyrra ári og ekki var hægt að vinna vegna heimsfaraldurs, greiðslu fyrir verkefni sem unnin voru á árinu 2022 og styrk frá Erasmus+ til námsferða.

Þó svo framlag hafi hækkað milli ára nær það ekki að halda í við raunhækkun. Hér í töflunni er yfirlit yfir framlög til Fjölmenntar árin 2008-2023. Þar sjáum við þá raunlækkun sem orðið hefur á framlaginu ef miðað er annars vegar við launavísitölu og hins vegar við vísitölu neysluverðs.

Framlag til Fjölmenntar ef tekið er mið af launavísitölu og vísitölu neysluverðs

	Árleg framlög	Launavísitala	Skv. launavísitölu	Vísitala neysluverðs	Skv. vísit. neysluverðs
2008	217,717,165.00	120.20	158,267,178.00	282.30	174,860,316.00
2009	258,097,370.00	109.00	258,097,370.00	334.80	207,379,503.35
2010	248,143,795.00	105.50	249,809,839.77	356.80	221,006,591.39
2011	222,700,000.00	108.20	256,203,077.38	363.40	225,094,717.80
2012	223,000,000.00	110.80	262,359,528.40	387.10	239,774,808.09
2013	222,600,000.00	111.70	264,490,607.61	403.30	249,809,300.19
2014	223,500,000.00	115.50	273,488,497.57	415.90	257,613,905.15
2015	235,800,000.00	121.90	288,642,838.56	419.30	259,719,909.67
2016	243,700,000.00	130.50	309,006,484.27	428.30	265,294,627.50
2017	254,700,000.00	139.20	329,606,916.55	436.50	270,373,814.86
2018	264,700,000.00	145.90	345,471,617.28	446.80	276,753,769.71
2019	267,700,000.00	149.30	353,522,360.93	462.00	286,168,848.71
2020	267,400,000.00	154.10	364,888,116.67	469.80	291,000,270.84
2021	270,834,000.00	163.00	385,962,122.11	490.00	303,512,415.30
2022	281,100,000.00	165.50	391,881,786.56	517.90	320,794,040.58
2023	285,700,000.00	163.40	386,909,268.42	569.40	352,693,814.84



Tölulegar upplýsingar vorið 2022

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	5	51	10	6
Farskólinn- miðstöð símenntunar á norðurlandi vestra	1	32	4	4
Fræðslumiðstöð Vestfjarðar	8	59	31	13
Fræðslunet- símenntun á suðurlandi	18	323	58	58
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	132	25	20
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	11	112	55	42
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	28	484	49	42
Viska Vestmannaeyjum	0	0	0	0
Þekkingarnet Þingeyinga	3	35	22	11
Fjölmennt- nám fyrir fólk með þroskahömlun	171	3,300	366	330
Sumarnámskeið- nám fyrir fólk með þroskahömlun	59	134	145	123
Fjölmennt- nám fyrir fólk með geðfötlun	6	138	18	15
Sumarnámskeið- nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	5	8	14	14
Samtals	320	4,800	800	681

Tölulegar upplýsingar haustið 2022

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	5	60	15	11
Farskólinn- miðstöð símenntunar á norðurlandi vestra	3	71	11	8
Fræðslumiðstöð Vestfjarðar	8	63	43	14
Fræðslunet- símenntun á suðurlandi	16	291	55	45
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	124	43	35
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	116	41	41
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	30	644	86	64
Viska Vestmannaeyjum	3	26	15	9
Þekkingarnet Þingeyinga	2	129	23	16
Fjölmennt- nám fyrir fólk með þroskahömlun	173	3,035	392	345
Jólanámskeið	68	146	136	136
Fjölmennt- nám fyrir fólk með geðfötlun	6	138	18	15
Samtals	329	4,843	878	739

Lokaorð

Í þessari skýrslu var farið yfir starfsemi Fjölmenntar árið 2022. Eins og sjá má var starfsemin með hefðbundnum hætti en ljóst að framundan gætu orðið töluverðar breytingar.

Raunlækkun fjármagns til starfsemi Fjölmenntar er áhyggjuefni. Búið er að hagræða í starfseminni eins og kostur er og ekki hægt að ganga lengra án þess að til verulegs niðurskurðar komi. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir niðurskurði tæplega tveggja stöðugilda sem mun rýra framboð námskeiða sem því nemur. Nú í vor var gengið frá kjarasamningum hjá stéttarfélögum starfsmanna Fjölmenntar. Ef sú hækkun fæst ekki að fullu bætt mun fjárhagsáætlun ársins 2023 ekki standast. Undanfarin ár hefur reglulega verið vakin athygli ráðamanna á stöðunni. Ekki er gert ráð fyrir að gera nýjan efnislegan samning fyrr en ný framhaldsfræðslulög hafa verið samþykkt og ljóst er að það verður ekki fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári.

Í starfshópnum um aukin náms- og starfstækifæri er áhersla lögð á að auka aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi og atvinnutengdu námi. Sá hópur sem stundar nám hjá Fjölmennt er mjög ólíkur, nám sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum. Sumir geta stundað nám í hópi á meðan aðrir þurfa einkakennslu. Við megum ekki gleyma þeim sem eru í námi til að auka lífsgæði sín og þeim hópi fólks sem er með miklar samsettar fatlanir. Það hafa ekki allir áhuga á að fara í háskóla eða atvinnutengt nám og þá verðum við að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir þann hóp.

Starfsemi Fjölmenntar hefur tekið miklum breytingum frá stofnun. Eins og fram kemur í skýrslunni hófst á síðasta ári vinna í nefndum á vegum Félags- og vinnuáráðuneytis sem gæti haft töluverðar breytingar í för með sér. Það er eðlilegt að starfsemin breytist í takt við hugmyndafræði og tíðaranda. Í dag er áhersla á inngildingu, sem þýðir að fatlað fólk geti stundað nám þar sem allur almenningur er við nám. Það að færa verkefni til annarra fræðsluaðila gerist ekki að sjálfu sér. Hjá Fjölmennt starfar fagfólk sem hefur mikla reynslu í kennslu fatlaðs fólks og tryggja verður að sú þekking glatist ekki ef til breytinga kemur og að námstilboð verði áfram unnin af fagmennsku. Við tökum tillögum að breytingum með opnum hug og treystum því að framundan séu aukin tækifæri fyrir fatlað fólk, bæði hvað varðar nám og atvinnu.

Ég þakka samstarfsfólki mínu og stjórn Fjölmenntar fyrir gott samstarf og sömuleiðis samstarfsaðilum og verktökum sem kennt hafa á námskeiðum á árinu.

Reykjavík í maí 2023

Helga Gísladóttir

forstöðumaður